

Fundargerð

Teamsfundur stýrihóps

Dags. fundar: 21.1.2020	Staðsetning: Teams	Fundur settur: 14:00
Fundarboðari: SV	Fundarritari: SV	Fundi slitið: 14:40

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mætt:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar
X	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð
X	Arnar Úlfarsson	Austurbrú
x	Árni Óðinsson	Landsvirkjun
X	Dagmar Ýr Stefánsdóttir	Alcoa Fjarðaál
X	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshérað
X	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú
X	Hjalti Jóhannesson	Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri
X	Sigrún Víglundsdóttir	Austurbrú

Efni / dagskrá:

1. Nýr vefur

- Samið hefur verið við Stefnu um hönnun og smíði á nýjum vef fyrir sjálfbærnaverkefnið.
- Vinna við hönnun er þegar hafin og starfsmenn búnir að funda einu sinni með viðmótshönnuði og verkefnastjóra Stefnu.
- Litir á nýjum vef verði valdir út frá litum í lógói verkefnisins.
- Flokkun vísa verði endurskoðuð og auk núverandi flokka: samfélag umhverfi og efnahagur, verði fjórði flokkurinn fyrir vísa sem eiga eingöngu við fyrirtækin Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun.
- Á núverandi vef eru birt lógó verkefnisins, Alcoa Fjarðaáls, Landsvirkjunar og Austurbrúar. Á nýjum vef verði eingöngu lógó verkefnisins en gerð grein fyrir eigendum og umsjónaraðila í texta.
- Allar skýrslur og hrágögn verði aðgengilegar á einum stað frá forsiðu auk þess sem hægt er að nálgast skýrslur út frá einstökum vísam.
- Tengsla einstakra vísa við Sjálfbærnimarkmið sameinuðu þjóðanna verða birt eftir því sem við á. Mögulega þarf að fá aðstoð sérfræðinga við þá vinnu.
- Inngangstexti á forsiðu verði:

„Sjálfbærnaverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar var komið á til að fylgjast með áhrifum framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og

álverið í Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi.
Vöktun hefur staðið yfir frá árinu 2007.“

- Á sama tíma og vefurinn fer í loftið verði stofnuð Facebooksíða fyrir verkefnið.
- Það þarf að útvega töluvert af ljósmyndum fyrir vefinn. Austurbrú, Landsvirkjun og Alcoa eiga myndir sem má nota en mögulega þarf að kaupa eitthvað af myndum og/eða taka nýjar myndir.

2. Heimsókn frá fulltrúum Sjálfbærniverkefni á Norðausturlandi

- Stefnt er að fundi með fulltrúum Sjálfbærniverkefnis á Norðausturlandi á Egilsstöðum í febrúar eða mars. SV sendir út könnun til að finna dagsetningu sem hentar flestum.

3. Ársfundur 2020

- Ársfundur verkefnisins verður haldinn á Egilsstöðum þriðjudaginn 28. apríl
- Fundurinn verði með svipuðu sniði og á síðasta ári.
- Á fundinum verði sjónum beint að jafnréttis og kynjamálum.
- Öll hugsa um áhugaverð innlegg í dagskrá.

4. Önnur mál

- Fundir starfsmanna með ábyrgðarmönnum vísa eru fyrirhugaðir í febrúar/mars. Tengiliður verkefnisins innan Fjarðaáls vinnur ekki lengur þar og ekki búið að finna eftirmann, DÝS athugar með hentuga dagsetningu fyrir heimsókn í álverið.

Næsti Teamsfundur stýrihóps ákveðinn þriðjudaginn 18. febrúar kl. 14.

Verkefni ákveðin á fundinum.

Verkefni	Ábyrg/ur
Gera tillögur að tímasetningum fyrir fund með Sjálfbærniverkefni á Norðausturlandi.	SV
Bóka fundaraðstöðu fyrir ársfund	SV
Horfa eftir áhugaverðu efni fyrir ársfund	Öll
Finna hentugar dagsetningar fyrir fundi með ábyrgðarmönnum	DÝS/ÁÓ/SV
Útvega ljósmyndir fyrir nýjan vef	DÝS/ÁÓ/SV
Boða næsta fund stýrihóps.	SV
Búa til netfangið sjalfbaerni@sjalfbaerni.is	SV